

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 11. september 2019
UST201909-041/A.B.
10.05.01

Efni: Mat á umhverfisáhrifum. Tillaga að matsáætlun - Þórustaðanáma - efnistaka úr Ingólfsfjalli

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 30. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun.

Þórustaðanáma er þegar orðin mjög áberandi lýti í Ingólfsfjalli. Frekari efnistaka með þeim vinnubrögðum sem viðhöfð eru mun einungis auka við þau áhrif.

Til að sporna við þessu telur Umhverfisstofnun að leggja eigi megin áherslu á að haga efnistökkunni þannig að land verði mótað til að milda sjónræn áhrif og reynt verði eins og kostur er að aðlaga námusvæðið landi þannig að óraskaðir hlutar fjallsins fái að halda sér eða að jaðrar námunnar verði mótaðir þannig að þeir falli að næsta nágrenni.

Þar sem þessi efnistaka mun fara fram um mjög langan tíma er mikilvægast að fjalla ítarlega um og sýna myndrænt hvernig náman geti litið út að loknum ákveðnum áföngum.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Agnar Bragi Bragason
teymisstjóri